

2. gr.

2. gr. reglugerðar nr. 117 2. maí 1969 orðist svo:

Af hverri tunnu sildar greiðast kr. 2.00. Greinin að öðru leyti óbreytt.

3. gr.

Í stað orðanna: „Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 15.00 fyrir hverja smálest“ í upphafi 9. gr. reglugerðar nr. 6 20. janúar 1964 komi: „Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 25.00 fyrir hverja smálest.“

Greinin að öðru leyti óbreytt.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Grindavíkurhreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr., og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundar-samþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps í Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Keflavíkur.

1. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og til vatnssölu í kaupstaðnum og til hafnarinnar.

Óheimilt er skipum í Keflavíkurhöfn að taka vatn annars staðar í Keflavík en úr æðum vatnsveitu Keflavíkur, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssólumaður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf. Hver, sem vill komast í samband við vatnsveitu Keflavíkur, skal senda vatnsveitustjóra skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götölögnum bæjarins að húsvegg og annast allt viðhald þeirra á sinn kostnað.

3. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá götölögnum (stoppjana) vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

4. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.